

Skólaráðsfundur Víkurskóla 18. nóv 2020

Mættir: Þuríður, Fiona, Björg Sigrún, Svanhildur, Embla María, Sölvi Hrannar, Hrefna Margrét og Guðrún Helga.

Boðuð forföll: Líney Björg

1. Kynning á fulltrúum skólaráðs, þrjár fulltrúar sitja í ráðinu fyrir hönd nemenda Embla María Möller Atladóttir fyrir 10. bekk, Hrefna Margrét Hjaltadóttir fyrir níunda bekk og Sölvi Hrannar Jóhannesson fyrir áttunda bekk. Fulltrúi starfsmanna er Björg Sigrún Ólafsdóttir ritari, fulltrúi kennara er Fiona Elizabeth Oliver, fulltrúi foreldra Guðrún Helga Sigfúsdóttir og fulltrúi grenndarsamfélagsins Svanhildur. Þuríður Óttarsdóttir skólastjóri stýrir ráðinu.
2. Hlutverk skólaráðs er að skapa lýðræðislegan vettvang þar sem raddir allra fulltrúa heyrast. Fulltrúar eru kosnir til tveggja ára í enn. Skólastjóri stýrir umræðum á fundum.
3. Starfsáætlun skólaráðs Víkurskóla kynnt.
4. Starfsáætlun Víkurskóla. Hver skóli þarf að skila inn starfsáætlun fyrir 1. okt ár hvert. Við fengum frest og nú er hún tilbúin og fulltrúar ráðsins hafa fengið hana senda í tölvupósti. Skólaráðið samþykkti starfsáætlunina.
5. Framkvæmdir við Víkurskóla. Þuríður fór yfir framkvæmdir sem hafa verið gerðar í haust. Fyrst kynnti hún breytingar sem hafa átt sér stað á bókasafninu en það hefur tekið miklum stakkaskiptum í haust. Nemendur lýstu yfir ánægju með breytingarnar á safninu. Þó útlán hafi ekki aukist mikið þá sækja nemendur mikið í að koma og vera þar, en við þurfum að vinna í því að auka lestur og lestraráhuga. Næst sagði hún frá litlu líkamsræktinni sem komið var á fót í haust - nemendur ánægðir með hana. Einnig var skrifstofa skólastjóra, kaffistofa og vinnuherbergi kennara tekið í gegn og gert huggulegt. Nýsköpunarstofan er í vinnslu - framkvæmdir ganga hægt þar. Stofan er tvískipt annars vegar green screen herbergi fyrir upptökur og hljóðvinnslu og hins vegar

makerspace rými þar sem félagsmiðstöðin verður líka með aðstöðu tengda nýsköpun. Hildur Rúdólfssdóttir sem starfar hjá Mixtúru, er byrjuð að vinna með list- og verkgreinakennurum í því að skipuleggja nýsköpunarstofuna. Hún ætlar að fá fleiri kennara og nemendur að borðinu í að skipuleggja stofuna.

Nemendur spurðu um skápa fyrir nemendur, munaskápa. Það er í vinnslu og vonandi verður hægt að koma upp skápum áður en langt um líður. Þó sennilega ekki í vetur. Við erum meðvituð um að það er ekki gott að nemendur hafi ekki öruggan stað til að geyma dótið sitt. Nemendur segja að snagar fyrir framan stofur virki vel og einnig fá þau að koma með úlpur inn í stofur. Það hefur verið í boði að nota starfsmannaskápa sem eru fyrir framan hjá ritara til að geyma hjálma og jafnvel skó - dugar þó ekki fyrir alla nemendur. Fram kom að skólatöskurnar eru þungar og því væri gott að hafa skápa til að geyma gögn. Fram hefur komið að skápar eru t.d. mikilvægir fyrir nemendur sem hafa tvö heimili.

6. Farið yfir niðurstöður í lesfimiþrófum MMS - við erum nokkuð mikið undir viðmiðum en þegar niðurstöður Víkurskóla eru skoðaðar miðað við niðurstöður á landsvísu þá komum við betur út en landsmeðaltöl. Hér þurfum við þó að gera betur. Þuríður kynnti læsisstefnu Grafarvogss- og Kjalarness þar sem eru tillögur til úrbóta. Lestraráttak ekki komið af stað m.a. vegna Covid en verður vonandi fljótlega.

7. Önnur mál

- a. Fulltrúi grenndarsamfélagsins hrósaði skólanum fyrir flott starf í haust - búin að vera að fylgjast með fréttum á facebook síðu skólans. Talið er að vel hafi tekist til, foreldrasamfélagið almennt ánægt, kennarar samstilltir og námsmat kemur fljótt inn á mentor þannig að leiðsagnarnámið er að skila sér.

Fundið slitið kl. 13:45
Fundarritari Vala Nönn